

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**800. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. september 2013
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs og rekstrarstjóri þjónustumiðstöðvar.
2. Snjómokstur í þéttbýli.
3. Bréf Hagsmunasamtaka heimilanna.
4. Bréf Umhverfisstofnunar.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til fundar við byggðarráð. Rætt um framkvæmdir sunnan skólahúsnaðis á Hvammstanga, tröppur, leiktæki og hellulögn. Rætt um framkvæmdir við byggingu klórrýmis við íþróttamiðstöð sem hefjast síðar í þessum mánuði, endurnýjun hitaveitulagnar milli Norðurbrautar og Fífusunds, viðhaldsmál fasteigna Reykjaeigna ehf. á Reykjaskóla o.fl.
2. Samningur um snjómokstur á Hvammstanga rann út sl. vor. Byggðarráð felur framkvæmda- og umhverfissviði að vinna útboðsgögn og bjóða út snjómokstur á Hvammstanga.
3. Fram lagt bréf Hagsmunasamtaka heimilanna þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá sveitarfélaginu vegna starfsemi samtakanna. Byggðarráð getur ekki orðið við erindinu.
4. Fram lagt bréf Umhverfisstofnunar þar sem fjallað er um frávík frá kröfum í starfsleyfi/löggjöf er fram komu við reglubundið eftirlit stofnunarinnar á urðunarsvæðinu að Syðri-Kárastöðum þann 20. júní sl. Byggðarráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfissviði að undirbúa umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarsvæðið á Syðri-Kárastöðum.
Samþykkt að taka á dagskrá:
5. Aðalfundarboð Sorpsamlags Strandasýslu lagt fram en fundurinn verður haldinn á Hólmavík þann 6. september nk. kl. 13:00. Byggðarráð felur sveitarstjóra, oddvita og Sigurði Kjartanssyni áheyrnarfulltrúa í byggðarráði að sækja fundinn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:00

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Línadal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.